

– HEIÐARSKÓLI –



Starfsáætlun Heiðarskóla 2025-2026

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Skólinn.....	5
2.1	Skipurit Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.....	5
2.2	Teymiskennsla	6
2.3	Menntastefna Hvalfjarðarsveitar	6
2.4	Skólanámskrá.....	6
2.5	Sérstaða skólans.....	6
2.5.1	Starfsþróunarverkefni undir leiðsögn MSHA	6
2.5.2	Byrjendalæsi.....	7
2.5.3	Fámennið og umhverfið	7
2.5.4	Skóli á grænni grein.....	8
2.5.5	Samstarf við Skýjaborg.....	8
2.5.6	Uppeldi til ábyrgðar.....	8
2.5.7	Mötuneyti.....	9
2.5.8	Bókasafn.....	9
2.5.9	Nemendasýningar.....	9
2.5.10	Fjarnám.....	9
2.5.11	Útinámsdagar, uppbrotsdagar og viðburðir	10
2.5.12	Vettvangsferðir	11
2.5.13	Val í 8. – 10. bekk	11
3	Starfsfólk skólans	12
4	Skóladagatal og kennslutími.....	13
4.1	Leyfis dagar	13
4.2	Skipulags dagar	14
4.3	Skólasetning og skólaslit.....	14
4.4	Stundaskrá	14
4.5	Útfærsla á kennslutíma.....	14
4.6	Foreldraviðtöl.....	15
5	Námsáætlanir og námsmat.....	15

5.1	Námsáætlanir	15
5.2	Námsmat.....	15
6	Innra mat.....	16
7	Ráð og félög	16
7.1	Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	16
7.2	Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	17
7.3	Nemendaverndráð.....	17
8	Skólareglur.....	17
9	Stoðþjónusta	20
9.1	Sérkennarar.....	20
9.2	Stuðningsfulltrúar	20
9.3	Námsráðgjöf.....	20
9.4	Sálfræðiþjónusta	21
9.5	Talkennsla	21
9.6	Heilsugæsla.....	21
10	Tómstundastarf og félagslíf	22
11	Móttaka nýrra nemenda	22
12	Samstarf heimilis og skóla.....	23
12.1	Haustfundur með foreldrum	23
12.2	Skóli og skólaforeldrar	23
12.3	Góð ráð um samskipti í tölvupósti.....	23
13	Símenntunaráætlun	24
14	Eineltisáætlun	24
15	Óveðursáætlun.....	25
16	Hagnýtar upplýsingar.....	25
16.1	Símanúmer, símsvörun og opnunartími	25
16.2	Heimasíða.....	25
16.3	Útivera	25
16.4	Forföll nemenda	25

16.5	Afmælisboð á skólatíma.....	26
16.6	Leyfi frá skóla.....	26
16.7	Verklagsreglur um skólasókn í Heiðarskóla	27
16.8	Skólaakstur.....	27
16.9	Heimkeyrsla – sæti í Akranesbílnum	28
16.10	Frístund.....	28
16.11	SumarGaman	28
16.12	Tryggingar.....	28

1 Inngangur


Samkvæmt grunnskólalögum ber hverjum grunnskóla að gefa út starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð hennar. Starfsáætlun er lögð fyrir starfsmannahópinn, Skólaráð og Velferðar- og fræðslunefnd til staðfestingar. Starfsáætlun er send til foreldra í tölvupósti og birt á heimasíðu skólans. Þessari áætlun er ætlað að sýna hið fjölbreytta starf sem unnið er með nemendum og fyrir nemendur skólans.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Einnig eru upplýsingar um starfsfólk skólans, stoðþjónustu og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahaldið.

2 Skólinn

Heiðarskóli er grunnskólasvið Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Haustið 2025 eru 88 börn skráð í Heiðarskóla frá 1. – 10. bekk.

2.1 Skipurit Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar



2.2 Teymiskennsla

Teymiskennsla hófst í Heiðarskóla haustið 2015. Í vetur verða starfandi þrjú umsjónarteymi kennara sem bera sameiginlega ábyrgð á námi og velferð námsþópa. Teymin eru:

- Yngsta stigsteymi: 1. – 4. bekkur, 30 börn, umsjónarkennarar eru Heiða Arnþórsdóttir og Þórdís Þórisdóttir. Stuðningsfulltrúar eru Unnur Tedda Þorgrímsdóttir og Kinga Korpak. Ólöf Guðmundsdóttir hefur umsjón með stoðþjónustu.
- Miðstigsteymi: 5. – 7. bekkur, 32 börn, umsjónarkennarar eru Sóley Bára Bergsteinsdóttir, Sigurður Tómasson og Sigríður Sjöfn Helgadóttir sem sinnir jafnframt stoðþjónustu. Stuðningsfulltrúar á miðstigi eru Anna Guðrún Guðnadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir og Kristinn Godfrey Guðnason.
- Unglingastigsteymi: 8. – 10. bekkur, 26 börn, umsjónarkennarar eru Berglind Bergsdóttir og Eyrún Sif Ólafsdóttir. Stuðningsfulltrúar eru Kristín Vala Jónsdóttir og Halldóra Andrésdóttir. Sigrún Vigdís Gylfadóttir hefur umsjón með stoðþjónustu.

2.3 Menntastefna Hvalfjarðarsveitar

Vorið 2022 var samþykkt Menntastefna Hvalfjarðarsveitar til ársins 2030. Innleiðing Menntastefnunnar verður unnin samkvæmt aðgerðaráætlun skólans á skólaárinu og þar með lýkur 3ja ára ferli á innleiðingu Menntastefnunnar. Hornsteinar stefnunnar, læsi, sköpun og fagmennska ásamt þátttöku og virkni, heilbrigði og velferð, jöfn tækifæri og umhverfisvitund eru lögð til grundvallar í aðgerðaráætlun.

2.4 Skólanámskrá

Á heimasíðu skólans má finna skólanámskrá Heiðarskóla sem upphaflega var samþykkt árið 2015. Fyrstu 5 kaflarnir í skólanámskránni eru sameiginlegir með Skýjaborg. Á síðasta skólaári fór fram endurskoðun á þeim köflum með tilliti til Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar. Þeirri vinnu mun ljúka á haustdögum 2025. Við tekur endurskoðun á köflum 6 – 13 í námskránni. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.

2.5 Sérstaða skólans

Hver skóli er einstakur. Sérstöðu Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit eru gerð skil hér í eftirfarandi undirköflum:

2.5.1 Starfsþróunarverkefni undir leiðsögn MSHA

Hvalfjarðarsveit gerði samning við MSHA um aðkomu skólaþjónustu við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar skólaárið 2022 – 2023. Tvö starfsþróunarverkefni voru í gangi á síðasta skólaári. Það voru:

- Teymisverkefni: Fimm manna leiðtogaeymi fundar reglulega með fulltrúa MSHA og þrír úr leiðtogaeyminu funda síðan vikulega með sínu teymi og allir starfsmenn sem koma að hverju stigi hittast á stuttum og markvissum fundum. Verkefnið snýr m.a að fagmennsku, leiðsagnarnámi, lærdómssamfélagi, góðum starfsanda, góðri nýtingu vinnutíma, traust o. fl.
- Læsi fyrir lífið: Á síðasta skólaári var unnið sérstaklega með ritun og miðlun og sátu kennarar fjögur námskeið þar um auk þess sem boðið var upp á áhorf í kennslustundum og ráðgjöf í kjölfarið frá fulltrúa MSHA.

Vorið 2025 lauk ákveðnum hluta Teymisverkefnisins og skólaárið 2025 – 2026 tekur við innleiðing á Leiðsagnarnámi og áhersla á samræður, tjáningu og hlustun í Læsi fyrir lífið verkefninu.

2.5.2 Byrjendalæsi

Í 1. – 4. bekk Heiðarskóla er unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunarafl, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingabærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar gæðatexti lagður til grundvallar í kennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, orðaforða, málfræði, sköpun, skilning og ritun af ýmsu tagi. Leiðtogi í byrjendalæsi verður starfandi í vetur, annað árið í röð. Hans hlutverk er m.a. að miðla hugmyndum, veita ráðgjöf og styðja við byrjendalæsis kennara.

2.5.3 Fámennið og umhverfið

Skólalóðin er skemmtileg, vel búin leiktækjum og sparkvöllur er á lóðinni. Tannakotslækurinn sem rennur á skólalóðinni er endalaus uppspretta leikja og rannsókna. Hluti skólalóðarinnar verður áfram afgirt framkvæmdasvæði vegna vinnu við viðbyggingu við Heiðarborg. Þær framkvæmdir hófust sumarið 2024 og gert er ráð fyrir að þeim verði lokið haustið 2026. Umhverfið býður upp á áhugaverðar vettvangsferðir og náttúruskoðun. Fámennið gerir það að verkum að hver og einn skiptir miklu máli, allir þekkja alla með nöfnum.

2.5.4 Skóli á grænni grein

Heiðarskóli er „Skóli á grænni grein“ og fékk Grænfánann afhentan í níunda sinn vorið 2025. Í skólanum er starfandi umhverfisnefnd sem fundar einu sinni í mánuði. Í nefndinni er einn nemandi úr hverjum árgangi auk starfsmanna. Hlutverk nefndarinnar er að vinna að umhverfismennt og sjálfbærni. Í nefndinni eru viðhöfð lýðræðisleg vinnubrögð og nemendur hafa tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Lögð er áhersla á að endurnýta, endurhugsa, endurvinnna og draga úr neyslu eins og kostur er. Það er gert með því að flokka, endurnota pappír, nota fjölnota áhöld, nýta náttúrulegan efnivið o.fl. Umhverfi skólans er vel nýtt í útinámi.

2.5.5 Samstarf við Skýjaborg

Skólasamstarfið verður með ýmsum hætti. Ber þá fyrst að nefna þá daga sem elsti árgangurinn í Skýjaborg kemur í Heiðarskóla með rútu, þeir eru 6 fyrir áramót og 6 eftir áramót. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að spyrja börnin í elsta árgangi Skýjaborgar hvað þau langar að skoða og gera í heimsóknum í Heiðarskóla. Stefnt er að því að börnin fari í íþróttir, sund, leiki og vinni sameiginleg verkefni með 1. bekk, t.d. á Fullveldishátið. Þar fyrir utan fara nemendur í 1. bekk í heimsókn í Skýjaborg á haustdögum og sameiginlegar vettvangsferðir að hausti og vori. Nemendur í 3. bekk lesa fyrir leikskólabörn í tengslum við Dag íslenskrar tungu og nemendur í 7. bekk æfa vandaðan upplestur og lesa fyrir leikskólabörn í febrúar. Nemendum í unglingadeild gefst einnig kostur á að fara í svokallaða Skýjaborgarval þar sem þeir fá fræðslu um leikskólastarfið og fá að taka þátt í starfi með leikskólabörnum undir leiðsögn kennara. Stjórnendateymi fundar reglulega. Sérfræðiþjónusta er samnýtt. Sérkennari og kennari starfa á báðum sviðum.

2.5.6 Uppeldi til ábyrgðar

Uppeldi til ábyrgðar er hugmyndafræði sem felst bæði í aðferð og stefnumörkun til betri samskipta. Meginatriðið er að kenna nemendum og starfsfólki sjálfsaga, sjálfsstjórn og sjálfstyrkingu. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á lífsgildi fremur en reglur og ábyrgð fremur en blinda hlýðni og samræmist því vel meginpáttum aðalnámskrár. Stefnan byggir á þeirri hugmyndafræði að öll hegðun stjórnist af fimm grundvallarpörfum sem eru öllum mönnum sameiginlegar; öryggi, ánægja, styrkur, umhyggja og frelsi. Uppeldi til ábyrgðar byggir á kenningum þeirra Judy Anderson, Diane Gossen og William Glassers, þar sem agastjórn er færð frá ytri stjórnun til innri stjórnunar. Heiðarskóli hefur starfað eftir hugmyndafræðinni síðan árið 2005. Umsjónarteymi á hverju stigi vinna með nemendum í tengslum við uppeldi til ábyrgðar en markmið og viðfangsefni er að finna í skólanámskrá.

2.5.7 Mötuneyti

Í skólanum er boðið upp morgun- og hádegismat, auk þess er ávaxtastund um miðjan morgun. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti að fella niður fæðisgjöld nemenda frá 1. ágúst 2024 til 1. ágúst 2027. Eins og undanfarin ár er lagður til grundvallar sameiginlegur matseðill Skýjaborgar og Heiðarskóla. Stefnt er að því að bjóða upp á hollan heimilismat og elda sem mest frá grunni úr góðu hráefni. Unnið er eftir handbók um mötuneyti fyrir leik- og grunnskóla sem gefin er út af Landlæknisembættinu.

2.5.8 Bókasafn

Skólabókasafnið þjónustar allan skólann. Fastur opnunartími fyrir nemendur er alla daga frá klukkan 8:10 – 8:50. Að auki er safnið opið nemendum í einstökum tímum. Allir eru velkomnir á safnið á opnunartíma þess, hægt er að eiga rólega stund á safninu, spila, spjalla saman, lesa og velja sér bækur til útláns. Kennurum er einnig velkomnið að fara með námshópa inn á safnið utan opnunartíma. Á skólaárinu stendur til að vera með bókaklúbbastarf á safninu. Bókakostur safnsins samanstendur aðallega af barna- og unglingabókum annars vegar og fræðibókum af ýmsu tagi hins vegar. Reynt er að endurnýja bókakostinn reglulega með kaupum á nýju efni, ásamt því að taka frá gömul, úrelt og lúin eintök. Nýjum bókum og tímaritum er stillt sérstaklega upp til kynningar. Skólaárið 2016 – 2017 var bókasafnið skráð í Gegni. Vorið 2022 var á landsvísu Gegni skipt út fyrir Leitir.

2.5.9 Nemendasýningar

Mikið er lagt upp úr því að nemendur fái þjálfun í að koma fram á sýningum á vegum skólans. Elsti árgangur leikskólans og nemendur í 1. – 2. bekk og 8. – 10. bekkur koma fram á Fullveldishátíð skólans. Nemendur í 3. og 4. bekk og nemendur í 5. – 7. sjá um atriði á Árshátíð skólans. Á sýningum skólans er markmiðið að allir taki þátt á einhvern hátt; t.d. leika, syngja, spila á hlóðfæri, sjá um sviðsmynd, hljóðkerfi og ljósabúnað.

2.5.10 Fjarnám

Nemendum í 9. og 10. bekk stendur til boða að ljúka grunnskólanámi í einstökum greinum áður en skólagöngu lýkur. Til að svo megi verða þurfa nemendur að sýna einstaka ábyrgð, vinnusemi og útskrifast að lágmarki með einkunnina B í námsgreininni. Í framhaldinu geta þeir stundað fjarnám við framhaldsskóla. Sveitarfélagið styrkir nemendur í fjarnámi með eftirfarandi hætti: „Nemendur í 9. og 10. bekk Heiðarskóla sem lokið hafa námsefni grunnskóla í einni eða fleiri greinum með ágætum árangri, að mati skólans, fá styrk til framhaldsnáms í einni námsgrein hvora önn. Skal styrkurinn nema 100% af innritunargjaldi og 50% af kennslugjaldi. Gjaldskrá FG skal höfð til viðmiðunar.“

2.5.11 Útinámsdagar, uppbrotsdagar og viðburðir

Útinám er í fastur liður í skólastarfinu. Hver bekkur hefur vikulegan tíma í útinámi og er hann ýmist fastur í töflu eða breytilegur. Einnig hefur skapast sú hefð að vera með sameiginlega útinámsdaga af og til yfir skólaárið. Eins og gefur að skilja geta veðurskilyrði verið þannig að við þurfum að fresta, flýta eða aflýsa útinámsdögum.

- Dagur íslenskrar náttúru, 16. september. Stefnt að því að fara í Álfholtsskóg og njóta íslenskrar náttúru, vera í góðum félagsskap og taka þátt í fjölbreyttum verkefnum.
- Dagur umhverfisins, 24. apríl. Stefnt á að halda litla umhverfisráðstefnu í upphafi dags. Lögð áhersla á að nemendur njóti í náttúrunni, taki þátt í tiltekt og hreinsun í nærumhverfinu og hádegisverður er utan dyra.
- Í maí er gróðursetningardagur. Þá eru settar niður kartöflur og annað grænmeti, plöntur úr uppeldisreitum plantað út. Kartöflur eru teknar upp að hausti.
- 4. júní er íþróttadagur þar sem keppt er í alls kyns íþróttum, m.a. töltkeppni ef næg þátttaka næst.
- Dagur íslenskrar tungu lendir á sunnudegi en honum verður gert hátt undir höfði í kringum 16. nóvember með rithöfundaheimsókn.
- Nemendur í 7. bekk taka þátt í „Stóru upplestrarkeppninni“ ár hvert, forkeppni er haldin í skólanum.
- Þorablót er haldið í byrjun febrúar þar sem þorramatur er á borðum. Skemmtun á sal er fyrir alla aldurshópa og nemendur vinna á ýmsan hátt með gamla siði og venjur, útbúa t.d. þorrabakka og víkingahjálma.
- Jólaundirbúningur í desember er margs konar; föndurdagur, jólamorgunstund með aðstandendum, póstpokar, jólakort til vina og skreytingar.
- 19. desember eru haldin litlu jól, dansað í kringum jólatré og boðið upp á hefðbundinn jólamat. Þessi dagur er styttri en aðrir skóladagar, nemendur mæta klukkan 10:10 og keyrt er heim klukkan 12:40.
- Skólinn tekur þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ á haustdögum og geta nemendur í eldri deildum valið um hlaupalengdir allt að 10 km. Yngri nemendur skólans taka líka þátt og fara skemmri vegalengdir.
- Tvær stórar skemmtanir eru á árinu. Fullveldishátíð er fimmtudaginn 27. nóvember. Árshátíð Heiðarskóla verður fimmtudaginn 25. mars. Þessir dagar eru svokallaðir tvöfaldir dagar, þ.e. nemendur fara heim með skólabílum eftir venjulegan skóladag og mæta aftur rétt fyrir sýningu. Skyldumæting er því hjá öllum nemendum skólans á báðar sýningar og þurfa foreldrar að fá leyfi eins og um venjulegan skóladag væri að ræða ef nemendur geta ekki mætt. Frístund er ekki starfrækt á þessum dögum.

- Nemendur í 7. bekk fara í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði 29. september – 2. október. Gist í 3 nætur ásamt jafnöldrum úr samstarfsskólunum á Vesturlandi.
- Nemendur í 9. bekk fara í skólabúðir 29. september – 3. október. Gist í 4 nætur í Vindáshlíð ásamt jafnöldrum úr samstarfsskólunum á Vesturlandi.
- Samstarf er á milli 1. bekkjar og unglingadeildar. Nemendur hittast reglulega yfir skólaárið og gera ýmislegt saman. Markmið samstarfsins er að auka samheldni, hjálpsemi og stuðla að jákvæðum skólabrag.
- Umhverfispema verður 3. – 7. október. Stefnt er að sýningu/foreldradegi í lok þemaviku.
- Sunnudaginn 9. nóvember verður Heiðarskóli 60 ára. Afmælinu verða gerð góð skil í kringum afmælisdaginn.
- Vorskóladagar eru 5. – 7. maí. Þá kemur elsti árgangur leikskólans í skólaaðlögun, börnin ferðast með skólabílnum í og úr skóla. Náms- og starfsráðgjafi fer yfir áhugasviðspróf með nemendum í 10. bekk og aðstoðar við val á vinnustöðum með tilliti til áhuga hvers og eins og nemendur í 10. bekk fara í starfskynningar. Aðrir árgangar fá einnig aðlögun og færast upp um einn bekk á vorskóladögum.
- Hæfileikakeppni er haldin í tengslum við öskudaginn 18. febrúar og gefst nemendum þá færi á að láta ljós sitt skína. Öskudagur er líka búininga- og nammisöngstöðvadaður.
- Tíu tíma danskennsla fer fram á tímabilinu 16. febrúar – 20. mars.

2.5.12 Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru farnar af og til yfir veturinn eftir því sem tilefni og tækifæri gefast til. Hvert og eitt stig skipuleggur haust- og vorferðir sem henta sínum hópi. Yfirleitt er farið á áhugaverða staði í Hvalfjarðarsveit eða nærsveitarfélögum, t.d. Ölver, Skorradal, Akranes, Borgarnes, Bjarneyjarsand, Reykjavík, Melabakka, Vatnaskóg, Þingvelli, Reykholt, Snók, Akrafjall eða Skarðsheiði. Unglingastig fer þó gjarnan lengra í vorferð, undanfarin ár hefur ýmist verið farið í Þórsmörk eða Heydal.

Undanfarin ár hafa nemendur og foreldrar í 9. – 10. bekk safnað fyrir utanlandsferð annað hvort ár. Ef áhugi foreldra og nemenda í núverandi 8. og 9. bekk er fyrir utanlandsferð vorið 2027 sjá foreldrar alfarið um fjáröflun. Skólinn leggur til 1 – 2 starfsmenn. Í fyrri ferðum hafa gjarnan einhverjir foreldrar farið með.

2.5.13 Val í 8. – 10. bekk

Reynt er eftir megni að kanna áhugasvið nemenda og bjóða upp á valgreinar sem nýtast þeim sem best hverju sinni s.s. heimilisfræði, myndmennt, hljómsveit, tónmennt, leiklist, matarmenningu, notað og endurnýtt, áhugasviðsval, kvikmyndagerð, þrjón,

leirsmíði, ljósmyndun, nýsköpun, sjónvarpsstöð/páttagerð, skartgripagerð, smíðar, textílmennt, tungumál, útivist, árbókargerð, útileiki, spil og skólahreysti.

3 Starfsfólk skólans

Starfsmenn skólaárið 2025 – 2026 eru:

Anna Guðrún Guðnadóttir	Stuðningsfulltrúi	anna.gudrun.gudnadottir@hvalfjardarsveit.is
Anna Rún Þorvaldsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Í leyfi
Berglind Bergsdóttir	Umsjónarkennari	berglind.bergsdottir@hvalfjardarsveit.is
Erna Rafnsdóttir	Leiðbeinandi	erna.hskoli@hvalfjardarsveit.is
Eyrún Sif Ólafsdóttir	Umsjónarkennari	eyrun.sif.olafsdottir@hvalfjardarsveit.is
Halldóra Andrésdóttir	Stuðningsfulltrúi	halldora.andresdottir@hvalfjardarsveit.is
Heiða Arnþórsdóttir	Umsjónarkennari	heida.hskoli@hvalfjardarsveit.is
Helena Bergström	Kennari	helena.bergstrom@hvalfjardarsveit.is
Hildur Jónsdóttir	Kennari	hildur.jonsdottir@hvalfjardarsveit.is
Hjördís Birna Gunnlaugsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Leyfi skólaárið 2025 - 2026
Jóhanna S Vilhjámsdóttir	Stuðningsfulltrúi	sigridur.vilhjalmsdottir@hvalfjardarsveit.is
Katrín Rós Sigvaldadóttir	Kennari/náms og starfs	katrin.sigvaldadottir@hvalfjardarsveit.is
Kinga Korpak	Stuðningsfulltrúi	kinga@hvalfjardarsveit.is
Kristinn Godfey Guðnason	Stuðningsfulltrúi – frístund	kristinn.hskoli@hvalfjardarsveit.is
Kristín Vala Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi – frístund	hskoli.kristin@hvalfjardarsveit.is
Ólöf Guðmundsdóttir	Sérkennari	olof.gudmundsdottir@hvalfjardarsveit.is
Sigríður Kristjánsdóttir	Matráður	sigridur.kristjansdottir@hvalfjardarsveit.is
Sigríður Lára Guðmundsdóttir	Skólastjóri	sigridur.gudmundsdottir@hvalfjardarsveit.is
Sigríður Sjöfn Helgadóttir	Sérkennari	sigridur.helgadottir@hvalfjardarsveit.is
Sigrún Vigdís Gylfadóttir	Sérkennari	sigrun.hskoli@hvalfjardarsveit.is
Sigurður Tómasson	Umsjónarkennari	sigurdur.tomasson@hvalfjardarsveit.is
Sigurður Þ. Sigurpórsson	Aðstoðarskólastjóri	sigurdur.sigurthorsson@hvalfjardarsveit.is
Sóley Bára Bergsteinsdóttir	Umsjónarkennari	soley.bara@hvalfjardarsveit.is
Sólrún Jørgensdóttir	Skólaliði	solrun.jorgens@gmail.com
Sólrún Sigþórsdóttir	Kennari	solruns.hskoli@hvalfjardarsveit.is
Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Stuðningsfulltrúi	unnur.hskoli@hvalfjardarsveit.is
Þórdís Þórisdóttir	Umsjónarkennari	thordis.thorisdottir@hvalfjardarsveit.is

4 Skóladagatal og kennslutími

Skóladagatal skólans er útfært árlega samkvæmt lögum. Að þeirri vinnu kemur allt starfsfólk skólans, foreldrafélagið, skólaráð, nemendafélag og velferðar- og fræðslunefnd sem samþykkir dagatalið. Skóladagatalið sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí.

Skóladagar skólaársins 2025 – 2026 eru 178, þar af tveir tvöfaldir dagar og því samtals 180 skóladagar. Gert er ráð fyrir 170 dögum í kennslu samkvæmt stundaskrá og 10 dögum með sveigjanlegri kennslu. Sveigjanlegir dagar eru: Skólasetning, Dagur íslenskrar náttúru, Fullveldishátíð, tveir viðtalsdagar, árshátíð, dagur umhverfisins, survivor, íþróttadagur og skólslit.

Samband íslenskra sveitarfélaga												Skóladagatal 2025 - 2026												Nafn skóla: Heiðarskóli	
AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ					
1. F	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. S	1. S	1. S	1. S	1. S	1. S	1. M	1. F	1. F	1. F	1. M	1. M				
2. L	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. F	2. L	2. L	2. L	2. Þ	2. Þ				
3. S	3. M	3. M	3. M	3. M	3. M	3. M	3. M	3. M	3. M	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. F	3. S	3. S	3. S	3. M	3. M				
4. M	4. Þ	4. Þ	4. Þ	4. Þ	4. Þ	4. Þ	4. Þ	4. Þ	4. Þ	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. M	4. M	4. M	4. M	4. Þ	4. Þ				
5. Þ	5. F	5. F	5. F	5. F	5. F	5. F	5. F	5. F	5. F	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. F	5. S	5. S	5. S	5. Þ	5. Þ				
6. M	6. L	6. L	6. L	6. L	6. L	6. L	6. L	6. L	6. L	6. Þ	6. Þ	6. Þ	6. Þ	6. Þ	6. Þ	6. M	6. M	6. M	6. M	6. L	6. L				
7. F	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. M	7. M	7. M	7. M	7. M	7. M	7. F	7. F	7. F	7. F	7. S	7. S				
8. F	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. L	8. L	8. L	8. L	8. L	8. L	8. M	8. M	8. M	8. M	8. F	8. F				
9. L	9. Þ	9. Þ	9. Þ	9. Þ	9. Þ	9. Þ	9. Þ	9. Þ	9. Þ	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. M	9. L	9. L	9. L	9. Þ	9. Þ				
10. S	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. Þ	10. Þ	10. Þ	10. Þ	10. Þ	10. Þ	10. F	10. S	10. S	10. S	10. M	10. M				
11. M	11. L	11. L	11. L	11. L	11. L	11. L	11. L	11. L	11. L	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. M	11. M	11. M	11. M	11. F	11. F				
12. Þ	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. M	12. M	12. M	12. M	12. M	12. M	12. F	12. S	12. S	12. S	12. F	12. F				
13. M	13. L	13. L	13. L	13. L	13. L	13. L	13. L	13. L	13. L	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. M	13. M	13. M	13. M	13. L	13. L				
14. F	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. F	14. F	14. F	14. F	14. S	14. S				
15. F	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. M	15. F	15. F	15. F	15. M	15. M				
16. L	16. Þ	16. Þ	16. Þ	16. Þ	16. Þ	16. Þ	16. Þ	16. Þ	16. Þ	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. M	16. L	16. L	16. L	16. Þ	16. Þ				
17. S	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. L	17. L	17. L	17. L	17. L	17. L	17. F	17. S	17. S	17. S	17. M	17. M				
18. M	18. L	18. L	18. L	18. L	18. L	18. L	18. L	18. L	18. L	18. Þ	18. Þ	18. Þ	18. Þ	18. Þ	18. Þ	18. M	18. M	18. M	18. M	18. L	18. L				
19. Þ	19. F	19. F	19. F	19. F	19. F	19. F	19. F	19. F	19. F	19. M	19. M	19. M	19. M	19. M	19. M	19. F	19. S	19. S	19. S	19. M	19. M				
20. M	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. M	20. M	20. M	20. M	20. L	20. L				
21. F	21. S	21. S	21. S	21. S	21. S	21. S	21. S	21. S	21. S	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. L	21. F	21. F	21. F	21. S	21. S				
22. F	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. M	22. F	22. F	22. F	22. M	22. M				
23. L	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. F	23. S	23. S	23. S	23. L	23. L				
24. S	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. F	24. F	24. F	24. F	24. S	24. S				
25. M	25. L	25. L	25. L	25. L	25. L	25. L	25. L	25. L	25. L	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. M	25. M	25. M	25. M	25. L	25. L				
26. Þ	26. F	26. F	26. F	26. F	26. F	26. F	26. F	26. F	26. F	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. L	26. S	26. S	26. S	26. F	26. F				
27. M	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. M	27. M	27. M	27. M	27. L	27. L				
28. F	28. S	28. S	28. S	28. S	28. S	28. S	28. S	28. S	28. S	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. L	28. F	28. F	28. F	28. S	28. S				
29. F	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. M	29. M	29. M	29. M	29. L	29. L				
30. L	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. F	30. F	30. F	30. F	30. F	30. F	30. M	30. L	30. L	30. L	30. Þ	30. Þ				
31. S	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. M	31. S	31. S	31. S	31. M	31. M				

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

4.1 Leyfis dagar

Vetrarleyfi er 20. og 21. október og 20. og 23. febrúar. Síðasti kennsludagur fyrir jólaeyfi er 19. desember og kennsla hefst aftur þann 6. janúar. Páskaleyfi er frá 30. mars til og með 6. apríl.

4.2 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar kennara eru samtals 13 á skólaárinu, þar af eru 8 utan starfstíma og 5 á starfstíma skólans. Utan starfstíma skólans eru það dagarnir 15.-22. ágúst og 8. – 9. júní. Á starfstíma skólans eru það dagarnir 22. október, 5. janúar, 24. febrúar, 7. apríl og 5. júní.

4.3 Skólasetning og skólaslit

Skólinn er settur föstudaginn 22. ágúst klukkan 16:00 og honum er slitið föstudaginn 5. júní.

4.4 Stundaskrá

Samkvæmt aðalnámskrá er vikulegur tímafjöldi nemenda eftirfarandi:

- | | |
|------------------|-------------------------------|
| 1. – 4. bekkur: | 30 kennslustundir (1200 mín.) |
| 5. – 7. bekkur: | 35 kennslustundir (1400 mín.) |
| 8. – 10. bekkur: | 37 kennslustundir (1480 mín.) |

Nemendur Heiðarskóla fá kennslutímafjölda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá og umfram það á yngsta stigi (heildartími 1400 mín á viku) og á miðstigi (heildartími 1450 mín) en þó vantar 30 mín á viku upp á að unglingastigið nái tilætluðum mínútufjölda á viku (heildartími á viku 1450). Til að mæta því verða starfræktar fjórar smíðjur á skólaárinu. Auk þess fara nemendur í unglingadeild í námsferðir þar sem gist er yfir nótt eða nætur á haustin og vorin.

Miðað er við að hver námsgrein/námssvið fái ákveðinn lágmarkstíma á hverju stigi hvort sem námsgreinar/námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt.

Kennsla hefst kl. 8:10. Morgunverður unglingastigs er kl. 8:50 – 9:00, miðstigs kl. 9:00 – 9:10 og yngsta stigs kl. 9:10 – 9:20. Hádegisverður unglingastigs er kl. 11:50 – 12:10, miðstigs kl. 12:10 – 12:30 og yngsta stigs kl. 12:30 – 12:50. Kennslu lýkur kl. 13:30. Útinám er í hávegum haft innan teyma í samfelldu skólastarfi án skólabjöllu. Nemendur fara út alla daga og því er nauðsynlegt að þeir séu klæddir eftir veðri.

4.5 Útfærsla á kennslutíma

Nánari útfærsla á kennslutíma nemenda má sjá með því að skoða skóladagatal, skólanámskrá og stundaskrár fyrir hvern árgang. Þess er gætt að námsgreinar og námssvið dreifist eðlilega og samkvæmt faglegum sjónarmiðum. Fjölbreyttir kennsluhættir miða að því að styrkja og efla sjálfsmynd sérhvers nemanda og hvetja til virkrar þátttöku í öllu skólastarfi. Með fjölbreyttum kennsluháttum er reynt að koma til móts við þarfir mismunandi einstaklinga og auka líkur á að nemendur nái að efla

styrkleika sína og virkja þá krafta sem í þeim búa. Áhersla er lögð á að nemendur séu virkir þátttakendur í leik og starfi og sýni frumkvæði við þekkingarleit. Umjónarkennarar gera einstaklingsnámskrár í samráði við foreldra og sérkennara þegar við á.

4.6 Foreldraviðtöl

Þann 24. september er fyrri viðtalsdagur skólaársins. Nemendur skipuleggja sjálfir viðtalið eftir þroska og getu. Þeir ræða markmiðssetningu, námsframvindu o.fl. við foreldra/forráðamenn. Kennarinn er viðstaddur og styður nemandann eftir þörfum. Í desember eða janúar vinna nemendur leiðsagnarmat með forráðamönnum. Leiðsagnarmatið tekur mið af sjálfsmati, mati kennara og lykilhæfnipáttum. Leiðsagnarmatið er notað sem umræðugrundvöllur í seinna viðtalinu sem er þann 29. janúar. Einnig er farið með hverjum og einum yfir markmið frá haustviðtali og þau endurskoðuð eða ný markmið sett.

5 Námsáætlanir og námsmat

5.1 Námsáætlanir

Námsáætlanir eru aðgengilegar foreldrum og nemendum í námsumsjónarkerfinu Mentor. Þar tengja kennarar hæfni- eða matsviðmið aðalnámskrár við viðkomandi lotu, verkefni eru skilgreind og fleira.

5.2 Námsmat

Í aðalnámskrá kemur m.a. fram að meta eigi alla þætti námsins; þekkingu, leikni og hæfni. Námsmatið á að vera hvetjandi, uppbyggjandi og einstaklingsmiðað, nokkurs konar leiðarvísir um sérþarfir hvers og eins og þann stuðning sem nemandinn þarf svo hann nái sem bestum árangri í námi. Námsmat er með ýmsum hætti; leiðsagnarmat er unnið jafnt og þétt yfir veturinn og gagnast nemandanum til að efla sig í námi, stöðumat er lagt fyrir þegar þörf er á til að meta stöðu og skipuleggja framhaldið, lokamat er gefið út í lok skólaársins. Það gefur vísbendingar um hæfni í einstökum námsgreinum út frá viðmiðum aðalnámskrár. Foreldrar/forráðamenn og nemendur geta fylgst með námsframvindu í Mentor á hæfnikorti og viðmiðum námstímabils og hvort viðunandi árangri sé náð, hvort frekari þjálfunar sé þörf í ákveðnum þáttum o.s.frv.

Í lok vorannar fá nemendur afhent stöðluð vitnisburðarblöð úr Mentor þar sem fram kemur hæfnimiðað lokamat. Í 1. - 4. bekk er notaður matskvarðinn: „Framúrskarandi“, „Hæfni náð“, „Þarfnast þjálfunar“ og „Hæfni ekki náð“. Í 5. – 10. bekk er

námsmatskvarðinn A, B+,B, C+,C og D. Lykilhæfnipættir sem nánar eru skilgreindir í aðalnámskrá eru einnig metnir í 1. – 9. bekk.

Í aðalnámskrá eru gefin út samræmd viðmið en skólum er einnig skylt að gera einstaklingsnámskrá fyrir nemendur sem ekki fylgja samræmdum hæfni- og matsviðmiðum aðalnámskrár. Í þeim tilvikum eru einkunnir stjörnumerktar.

Hver og einn nemandi fær við upphaf skólagöngu afhenta ferilmöppu þar sem safnað er saman vitnisburðum, völdum myndum og verkefnum.

6 Innra mat

Skólinn keypti á síðasta skólaári aðgang að innramatskerfinu BravoLesson. Reynslan sýnir að kerfið er að gagnast mjög vel og leiðir okkur áfram í umbótum í kjölfar innra mats. Skólinn mun því áfram nýta sér kerfið. Áherslan er m.a. á vettvangsathuganir stjórnenda í kennslustundir og samtal við kennarann í kjölfarið þar sem farið er yfir leiðsagnarnám og gæðaskólastarf samkvæmt gátlistum sem eru innan kerfisins. Við skólann er auk þess starfandi sjálfsmatsteymi sem fundar eftir þörfum og rýnir í niðurstöður.

7 Ráð og félög

7.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Skólastjórar sitja í skólaráði og boða til funda tvisvar sinnum á skólaárinu. Stjórn Foreldrafélags Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar velur þrjá fulltrúa sína til setu í skólaráði, tvo af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði og tvo áheyrnarfulltrúa í Velferðar- og fræðslunefnd, einn af hvoru sviði. Auk þess sitja í skólaráði tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Skólaráð fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Ráðið fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar. Það tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið, fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð barna. Ráðið fjallar um skólareglur, umgengni í skólanum og erindi frá Velferðar- og fræðslunefnd, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum varðandi málefni er varða skólastarfið og veitir umsögn sé þess óskað.

Starfsáætlun skólaráðs:

Fyrri fundur- (september – október) Nýir skólaráðsfulltrúar boðnir velkomnir og farið yfir hlutverk skólaráðs og starfsáætlun kynnt og hún samþykkt, ef hún er ekki þegar samþykkt. Upphaf skólaársins rætt. Árs- og sjálfsmatsskýrsla frá árinu áður lögð fram, fjárhagsáætlun fyrir komandi ár – tillögur og kynningar. Önnur mál er tengjast skólastarfinu.

Seinni fundur (febrúar – mars) Ýmis mál er tengjast skólastarfinu, farið yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs.

7.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar starfar foreldrafélag. Tilgangur félagsins er að vinna að heill og hamingju barna og ungmenna skólans, koma á lifandi samstarfi milli skólans og heimilanna og stuðla að framgangi ýmissa mála í þágu barnanna og skólans. Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að halda fræðslufundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni, efla kynni foreldra innbyrðis og við starfsfólk skólans, efla þekkingu foreldra á starfsemi skólans, veita aðstoð við starf skólans í þágu barnanna og að styðja við og taka þátt í menningarviðburðum og félagslífi innan skólans.

7.3 Nemendaverndráð

Samkvæmt grunnskólalögum skal vera starfrækt nemendaverndarráð í skólanum. Í ráðinu eiga sæti skólastjórar, sérkennarar, hjúkrunarfræðingur, náms- og starfsráðgjafi, sálfræðingur og félagsmálastjóri Hvalfjarðarsveitar. Nemendaverndarráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Hlutverk ráðsins er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi sérkennslu, heilsugæslu, aðra sérfræðiþjónustu og hafa yfirumsjón með velferðarmálum nemenda.

8 Skólareglur

Skólareglur Heiðarskóla eru endurskoðaðar á hverju hausti með nemendum, starfsmönnum og skólaráði. Skólareglur Heiðarskóla eru eftirfarandi:

- Við gefum öðrum næði til að læra.
- Við tökum þátt í tímum og sinnum heimanáminu.
- Við göngum vel um.
- Við mætum á réttum tíma í kennslustundir.
- Við mætum með skólabækur, íprótta- og sundföt.
- Við klæðum okkur eftir veðri.

- Við notum síma og netið á ábyrgan og jákvæðan hátt.
- Við sinnum fyrirmælum starfsfólks.
- Við geymum leikföng heima.
- Við erum kurteis.
- Við skiljum sælgæti eftir heima.
- Við virðum öryggi, eigur og einkalíf annarra.
- Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu.
- Við erum laus við rafrettur, tóbak og vímuefni (þar á meðal áfengi).
- Við sinnum persónulegu hreinlæti.

Við brot á skólareglum er unnið eftir agareglum Heiðarskóla en þær eru eftirfarandi:

A1 – Kennari/starfsmaður tekur á atviki

- Truflun í tíma.
- Glemir námsbók/ípróttu- eða sundfötum.
- Sinnir ekki heimanámi.
- Er óvirkur og/eða neitar að taka þátt.
- Sóðaskapur.
- Kemur með leikföng í skólann.
- Mætir of seint í tíma (skráð í ástundun í Mentor).
- Sinnir ekki fyrirmælum starfsfólks.
- Dónaleg framkoma.
- Af gáleysi skemmir eigur skólans eða annarra.
- Af gáleysi meiðir eða særir aðra.
- Sælgæti - gert upptækt og geymt.

Umsjónarkennara gert viðvart eftir á ef þurfa þykir.

A2 – Umsjónarkennari kallaður til og hann tekur á atviki

- Mjög dónaleg framkoma.
- Óheimil fjarvist.
- Sinnir ekki fyrirmælum starfsfólks þrátt fyrir A1.
- Nemandi vísað úr kennslustund.
- Ef um endurtekið gáleysi er varðar skemmdir eða hegðun þar sem nemandi hefur ekki dregið lærdóm af fyrri atvikum.

1. sinn - Útbúin uppbyggingaráætlun með kennara. Foreldrum gert viðvart af kennara.

2. sinn – Viðtal við umsjónarkennara. Umsjónarkennari hringir heim og tilkynnir ástæður.

3. sinn – Viðtal við skólastjórnendur. Skólastjórnendur hringja heim. Skólastjóri vísar nemanda úr skóla það sem eftir er dags.

A3 – Ófrávíkjanlegar reglur 1, skólastjóri/aðstoðarskólastjóri tekur á atviki ásamt umsjónarkennara

- Viðbrögð við A2 bera ekki árangur í 3. sinn.
- Ógnar öryggi með ögrandi framkomu eða hótunum
- Beitir líkamlegu eða andlegu ofbeldi
- Skemmir eigur skólans eða annarra af ásetningi.
- Virðir ekki friðhelgi annarra nemenda eða starfsfólks, t.d. gramsar í tösku, fer í skáp annars nemanda o.s.frv.

A3 getur varðað brottvikningu úr skóla í allt að 3 daga. Foreldrar eru upplýstir um atvik og gefið tækifæri til andmæla. Eftir að andmælaréttur foreldra hefur verið nýttur tekur skólastjóri ákvörðun um brottvísun í allt að 3 daga. Skólastjórnendur skulu taka á málinu ásamt umsjónarkennara, sem sjá um skráningu atviks og úrvinnslu. Nemendum er boðið að vinna úr sínum málum með skólastjóra og gera uppbyggingaráætlun.

A4 – Ófrávíkjanlegar reglur 2, skólastjóri/aðstoðarskólastjóri tekur á atviki ásamt umsjónarkennara

- Hefur undir höndum barefli eða vopn, ógnar eða beitir því gegn öðrum.
- Hefur undir höndum ávana- eða fíkniefni, þar með talið áfengi, rafrettur eða tóbak.
- Þjófnaður

A4 varðar brottvikningu úr skóla og skemmtana- og ferðabann á vegum skólans. Skólastjórnendur skulu taka á málinu ásamt umsjónarkennara, sem sjá um skráningu atviks og úrvinnslu. Foreldrar upplýstir af skólastjóra/aðstoðarskólastjóri og gefið tækifæri til andmæla.

Varðandi skemmtana- og ferðabann í A4 verður að meta atvikið og hvernig nemandi vill vinna úr sínu máli. Staða nemanda varðandi aðrar skráningar kemur líka til álita, þegar ákvörðun er tekin um hversu langt bannið á að vera.

A4 brot eru þess eðlis að ekki er annað hægt en að vísa nemendum heim tímabundið, aðallega til þess að skapa öðrum nemendum aðstæður þar sem þeir eru öruggir.

Almennt um agareglur:

Skráning: Öll brot eru skráð eins og tiltekið er hér að ofan.

Brottvísun: Foreldrar eru látnir vita samdægurs og beðnir um að sækja barnið í skólann. Að auki er sent skriflegt bréf í Mentor. Haldinn er fundur strax morguninn eftir með foreldrum og geta þeir nýtt sér andmælarétt sinn það sem eftir er dags. Andmælaréttur foreldra vegna brottvikningar er ávallt virtur. Ef nemandi er vísað úr skóla í 3 daga er velferðar- og fræðslunefnd gert viðvart.

Hvað er andmælaréttur? Foreldrar geta andmælt brottrekstri barnsins. Andmælaréttur er skýr í stjórnsýslulögum og gildir daginn eftir brot, eftir það getur skólastjóri ákveðið að vísa nemandi úr skóla í allt að 3 daga.

9 Stoðþjónusta

Þrír sérkennarar sinna stoðþjónustu við skólann. Þar fyrir utan eru starfandi stuðningsfulltrúar og náms- og starfsráðgjafi. Utanaðkomandi aðilar eru einnig partur af stoðþjónustu; sálfræðingur, talmeinafræðingur og skólahjúkrunarfræðingur. Heildaráætlun stoðþjónustu Heiðarskóla má lesa [hér](#).

9.1 Sérkennarar

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

Sérkennarar skólans leggja fyrir skimanir og skipuleggja sérkennslu í samstarfi við umsjónarteymi sem sjá um framkvæmdina. Stefna skólans er að sérkennslan fari fram eins og hægt er innan námshópa þannig að allir upplifi að þeir tilheyri. Sérkennsla fer ýmist fram í lotum eða í föstum tímum yfir lengra tímabil. Sérkennsla felur í sér breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum, námsaðlögun og kennsluaðferðum miðað við hæfniviðmið aðalnámskrár.

9.2 Stuðningsfulltrúar

Samkvæmt starfslýsingu er stuðningsfulltrúi kennara til aðstoðar við að sinna námshópum. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum.

9.3 Námsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi er starfandi við skólann. Hann hefur fastan tíma í töflu hjá öllum námshópum. Náms- og starfsráðgjafi hefur það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir kennara og vinna þannig að markmiðum skólans sem koma fram í skólanámskrá um

náms- og starfsráðgjöf. Hann getur einnig boðið nemendum upp á einstaklings- eða hóptíma í náms- og starfsráðgjöf. Náms- og starfsráðgjafi situr nemendaverndarráðsfundi og starfar í eineltisteymi ef upp koma tilkynningar um slíkt.

9.4 Sálfræðipjónusta

Hlutverk skólasálfræðings er fyrst og fremst sálfræðileg greining á vanda í námi eða líðan nemenda. Hann veitir ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsmanna skólans. Starfsmenn skólans og foreldrar geta óskað aðstoðar hans. Skólasálfræðingur greinir foreldrum, umsjónarkennara og sérkennara frá niðurstöðum sínum um þær greiningar sem framkvæmdar eru. Umsjónarkennarar sjá um að upplýsa aðra starfsmenn skólans um sérþarfir barns. Elín Anna Baldursdóttir, sálfræðingur hefur tekið að sér að sinna sálfræðipjónustu í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar skólaárið 2025 – 2026. Elín Anna verður að öllu jöfnu með viðveru í skólanum annan hvorn fimmtudag.

9.5 Talkennsla

Ragnheiður Dagný Bjarnadóttir, talmeinafræðingur, kemur reglulega í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og sinnir greiningum, ráðgjöf og þjálfun.

9.6 Heilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur Heiðarskóla er Vilborg Inga Guðjónsdóttir. Hún verður með fasta viðveru annan hvorn þriðjudag í vetur og sinnir skólaheilsugæslu ásamt því að bjóða upp á viðtalstíma fyrir nemendur. Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd. Leitast er við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Markmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að þroskast við þau bestu líkamlegu, andlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Unnið er að þessu markmiði í náinni samvinnu við starfsfólk skólanna og foreldra/forráðamenn.

Verkefni skólaheilsugæslunnar eru fjölþætt en þau helstu eru:

- Skipulag og framkvæmd heilsufarsathugana og ónæmisaðgerða, sjónpróf, hæðar- og þyngdarmælingar og bólusetning.
- Almenn heilbrigðisfræðsla og ráðgjöf um heilsuvernd. Skólaheilsugæsla sinnir skipulagðri forvarnar- og heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Einnig geta foreldrar leitað eftir ráðgjöf varðandi vellíðan, andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði.
- Stuðningur við börn með sértæk vandamál, s.s. langvinna sjúkdóma, fatlanir, andlega eða félagslega erfiðleika.

Ef barn slasast á skólatíma veita starfsmenn fyrstu hjálp og fara með barni á slysavarðstofu ef þarf og eru með því þar til foreldri/forráðamaður kemur.

10 Tómtundastarf og félagslíf

Umsjónarmenn Félagsmiðstöðvarinnar 301 starfa í nánu samstarfi við skólann. Félagsmiðstöðin 301 er að öllu jöfnu opin einu sinni í viku klukkan 17:00 – 19:00 fyrir nemendur í 5. – 7. bekk og frá kl. 19:30 – 22:00 fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Viðburðir í Félagsmiðstöðinni er auglýstir sérstaklega, tölvupóstur sendur til foreldra á miðstigi og upplýsingar settar á samskiptasíðu fyrir unglingastig. Auk þess er gerð dagskrá fyrir hvern mánuð sem er sýnileg í Heiðarskóla.

Umsjónarkennurum stendur til boða að bjóða nemendum sínum upp á „lengri daga“ í skólanum a.m.k. tvisvar sinnum á skólaárinu og sinna þannig með þeim tómstunda- og félagsstarfi.

Nemendur í 1. – 4. bekk fá daglega 40 mínútur í tómstund þar sem lögð er áhersla á sköpun, val um viðfangsefni, frjálsan leik, inni eða úti og félagsleg samskipti barna á milli.

11 Móttaka nýrra nemenda

Allir nýir nemendur ásamt foreldrum hitta skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra á fundi áður en skólaganga hefst. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri kynnir helstu áherslur í skólastarfinu, sýnir skólann og kynnir nýnemann fyrir umsjónarkennurum. Nemandinn fær afhenta stundatöflu og ákveðið er hvenær hentugast sé að nemandi hefji skólagöngu. Fyrirkomulag skólaaksturs er kynnt sérstaklega fyrir nýjum nemendum og foreldrum þeirra. Skólastjóri tilkynnir komu nýrra nemenda á starfsmannafundi.

Umsjónarkennari ræðir um og undirbýr komu nýja nemandans við bekkinn og upplýsir jafnframt foreldra um komu hans. Tryggt verður að nýnemanum verði tekið með opnum huga frá byrjun. Þá verði frá því gengið að tilteknir nemendur aðstoði nýnemann frá upphafi og hjálpi honum við að öðlast öryggi á nýjum stað. Umsjónarkennari aðstoðar nýnemann eftir þörfum í aðlögun hans. Fljótlega eftir að skólaganga hefst hefur umsjónarkennari samband við foreldra og ræðir gang mála.

Á vordögum er börnum sem hefja nám í 1. bekk um haustið boðið í Vorskólann. Á vorskóladögum koma börnin með skólabílum í skólann og fá því einnig aðlögun í skólaakstrinum. Móttökuáætlanir má finna í skólanámskrá.

12 Samstarf heimilis og skóla

12.1 Haustfundur með foreldrum

Haustið 2025 verða haldnir haustfundir með forráðamönnum hvers námshóps fyrir sig. Á fundardegi er „langur dagur“ hjá nemendum og fundurinn endar á samverustund nemenda og foreldra. Fyrir samverustund fara nemendur með starfsmanni skólans í íþróttahús eða á skólalóð í leiki á meðan fá kennarar og forráðamenn tækifæri til að spjalla saman um vetrarstarfið, fara yfir skólareglur og áherslur vetrarins. Á haustfundi verða valdnir bekkjarfulltrúar foreldra úr hverjum hópi/bekk.

12.2 Skóli og skólaforeldrar

Þrír hópar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla, þ.e. nemendur, starfsfólk og foreldrar. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman, upplýsingaflæði sé gott og virðing í mannlegum samskiptum í hávegum höfð. Foreldrar eru ávallt velkomnir í Heiðarskóla, þeir þurfa þó að gera boð á undan sér við umsjónarkennara eða stjórnendur og gera vart við sig í móttökurými. Auk þess er foreldrum boðið alveg sérstaklega að koma í skólann á einstaka viðburði.

Foreldrar gegna lykilhlutverki í námi barna sinna. Mikilvægt er að foreldrar hvetji börn sín á jákvæðan hátt til að takast á við verkefni skólans. Það er einnig mikilvægt að foreldrar upplýsi kennara um mál er geta haft áhrif á líðan barnsins og námsáhuga. Rannsóknir sína að jákvætt viðhorf foreldra til náms hefur góð áhrif á námsárangur. Kennarar og foreldrar eru í samstarfi þar sem velferð barna er höfð að leiðarljósi. Umsjónarkennari er í samskiptum við foreldra um mál er snerta einstaka nemendur. Boðið er upp á foreldraviðtöl svo oft sem þurfa þykir en slík viðtöl eru a.m.k. tvisvar á skólaárinu, foreldrar geta óskað eftir viðtali þegar þeim þykir ástæða til. Umsjónarkennarar og foreldrar hafa einnig samband símleiðis eða með tölvupósti eftir atvikum.

12.3 Góð ráð um samskipti í tölvupósti

Tölvupóstur hentar vel þegar koma á upplýsingum á framfæri, leita upplýsinga, benda á það sem vel er gert eða gera athugasemdir um það sem betur má fara. Tölvupóstum sem berast til starfsmanna skólans er að öllu jöfna svarað innan sólarhrings nema að um helgi eða frídaga sé að ræða. Mikilvægt er að tölvupóstar séu hnitmiðaðir og skýrir þannig að skilaboðin komist klárlega til skila. Viðtakandi getur lesið á milli línanna og túlkað póstinn á annan hátt en sendandi hafði ætlast til. Ekki er ráðlegt að nota tölvupóst þegar fólk upplifir reiði eða er illa upplagt, þegar um trúnaðarmál er að ræða eða viðkvæm persónuleg mál. Þá er betra að óska eftir viðtali. Tölvupóstur er ekki

öruggur, aðrir geta lesið póstinn, pósturinn getur óvart farið á annað netfang, ekki er hægt að eyða bréfi eða breyta eftir að það hefur verið sent. Tölvupóstur getur verið áframsendur á þriðja aðila og bréf í tölvupóstum hafa verið notuð í dómsmálum á Íslandi. Ekki er öruggt að tölvupóstur skili sér. Ef fólk er í vafa um hvort það eigi að senda tölvupóst er betra að gera það ekki. Það sem sent er í tölvupósti lýtur sömu lögum og annað ritað mál.

13 Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun er gerð til þriggja ára í senn. Hún er í stöðugri endurskoðun og getur breyst eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni. Sjálfsmatsteymi ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum komandi skólaárs og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skólans. Í starfamannasamtölum gefst starfsfólki tækifæri til að bera fram persónulegar óskir um símenntun. Stefnt verður að því að bjóða upp á fyrirlestra/stutt námskeið og/eða kennsluráðgjöf sem styðja við áherslur skólans.

14 Eineltisáætlun

Einelti er ein tegund ofbeldis og ofbeldi er ekki liðið í Heiðarskóla. Í aðalnámskrá er talað um jákvæðan skólabrag sem einn þátt til að koma í veg fyrir einelti. Heiðarskóli kappkostar að hafa skólabraginn jákvæðan og er það m.a. gert með aðferðum uppbyggingarstefnunnar þar sem samskipti mótast af virðingu. Hver námshópur er með einn fastan tíma í lífsleikni þar sem tækifæri gefast til að halda bekkjarfundi, ræða samskiptin og innleiða hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar um innri stjórn og ábyrgð. Umsjónarkennarar leggja fyrir líðankannanir a.m.k. einu sinni á skólaárinu og oftast ef þurfa þykir.

Eineltisáætlun skólans má sjá [hér](#).

Inntak áætlunarinnar er í stuttu máli eftirfarandi: Ef grunur vaknar um einelti getur hver sem er tilkynnt það til umsjónarkennara, skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra. Þessir aðilar sjá um að kalla saman teymi starfsmanna sem vinna náið með þolanda. Markviss skráning tekur við og fylgst er vel með í tvo daga. Í framhaldinu er fundin viðeigandi lausn sem er misjöfn eftir eðli málanna. Til að fyrirbyggja að eineltið hefjist aftur er fylgst vel með í 2 – 4 mánuði. Ef eineltið kemur ekki upp aftur á því tímabili er málinu formlega lokað. Ef ekki finnst viðunandi lausn er málinu vísað til velferðar- og fræðslunefndar.

15 Óveðursáætlun

Óveðursáætlun skólans má sjá [hér](#). Skólahverfi Heiðarskóla er víðfeðmt og veður getur verið mjög mismunandi eftir svæðum. Ef útlit er tvísýnt og veður vond taka skólayfirvöld í samráði við bílstjóra ákvörðun um seinkun í morgunakstri, breytingu á heimkeyrslutíma eða niðurfellingu skólahalds. Foreldrar leggja sjálfir mat á hvort þeir treysta barni sínu í skólann þótt engin tilkynning hafi borist um niðurfellingu skólahalds. Ef foreldrar ákveða að hafa barn sitt heima vegna veðurs þá skulu þeir tilkynna skólanum um það og er litið á slík tilvik sem eðlileg forföll. Einnig geta bílstjórar tekið ákvörðun um að fella niður akstur á einstökum leiðum ef þeir telja veður tvísýnt.

16 Hagnýtar upplýsingar

Hér á eftir er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólann.

16.1 Símanúmer, símsvörun og opnunartími

Aðalnúmer skólans	433-8525
Skólastjóri	433-8525/896-8158/899-5156
Aðstoðarskólastjóri	433-8520
Kaffistofa	433-8522
Mötuneyti	433-8524
Sérkennari/sérfræðingar	433-8527
Bókasafn	433-8528

Símsvörun í aðalnúmer skólans er frá klukkan 8:00 – 15:15 alla virka daga. Skólinn er opinn nemendum frá klukkan 8:05 – 13:40 nema annað sé auglýst sérstaklega.

16.2 Heimasíða

Heimasíða skólans er á slóðinni <http://www.skoli.hvalfjardarsveit.is>. Á heimasíðunni er að finna netföng starfsmanna, fréttir, myndir og gagnlegar upplýsingar um starf skólans. Matseðill fyrir hvern mánuð birtist jafnt og þétt yfir veturinn.

16.3 Útivera

Allir nemendur skólans fara út á hverjum degi. Því er mjög mikilvægt að nemendur séu klæddir eftir veðri og að yngstu nemendurnir hafi ávallt aukaföt sem geymd eru í skólanum.

16.4 Forföll nemenda

Forráðamenn skulu tilkynna forföll daglega. Forráðamenn geta valið um að skrá forföll sjálfir í Mentor, hringja í aðalnúmer skólans eða senda tölvupóst. Forráðamenn skulu

láta verktaka í skólaakstri vita ef nemendur fara ekki með skólabílnum. Slíkt á þó ekki við í þéttari byggðum.

Eftir veikindi barns er hægt að óska eftir því við umsjónarkennara að barnið fái að vera inni í útiverutíma að hámarki í einn dag. Við þessar aðstæður er barnið eitt í sinni stofu án gæslu.

Ef barn veikist á skólatíma er haft samband við foreldra/forráðamenn og þeir beðnir um að sækja barnið.

Ef um langvarandi veikindi barns er að ræða er fundin viðeigandi lausn í hverju tilviki fyrir sig.

16.5 Afmælisboð á skólatíma

Afmælisboð eru mikilvæg í lífi barna. Flestum finnst gaman að bjóða í afmælið sitt og einnig að vera boðið í afmæli skólafélaga. Oft er skólinn nýttur sem vettvangur fyrir boð af þessu tagi. Ýmist með boðsmiðum sem börnin dreifa sjálf á skólatíma eða tölvupósti sem skólastjóri sér um að senda á umbeðna árganga að beiðni foreldra. Í Heiðarskóla er börnunum heimilt að dreifa boðsmiðum á skólatíma ef öllum í ákveðnum árgangi eða árgöngum er boðið. Ekki má dreifa boðsmiðum til einstakra nemenda í árgangi á skólatíma. Í Heiðarskóla mælum við með að foreldrar hugi að eftirfarandi í tengslum við afmæli:

- Við skiljum ekki útundan.
- Við gætum hófs í gjöfum.
- Við mætum í afmæli sem okkur er boðið í.
- Foreldrar láti foreldra vita ef barn kemst ekki í afmæli.
- Foreldrar láti aðra foreldra vita fyrirfram af afmælum (það hefur komið fyrir að afmælisboðsmiðinn gleymist í töskunni fram yfir afmæli).

16.6 Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf leyfi í einn dag eða skemur skal haft samband við umsjónarkennara en sé um lengri tíma að ræða skal hafa samband við skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra. Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa úr í lengri leyfum.

16.7 Verklagsreglur um skólasókn í Heiðarskóla

Grunnskólanemendur eru skólaskyldir samkvæmt gildandi lögum um grunnskóla. Á foreldrum hvílir sú skylda að börn sækji skóla. Foreldrar verða að tilkynna um veikindi barna sinna til skólans og sækja um leyfi gerist þess þörf.

Umsjónarkennarar senda foreldrum ástundunarpóst síðasta virka dag hvers mánaðar að undanskildum ágúst. Verklagsreglurnar eru í 5 þrepum eftir fjölda fjarverudaga. Ákveðin viðbrögð og aðgerðir eru settar í farveg eftir fjölda fjarverudaga í hverju tilviki fyrir sig. Verklagsreglurnar má finna [hér](#).

Ef barn veikist eftir að skóladagur hefst hringir starfsmaður skólans í foreldri og óskar eftir því að barnið verði sótt.

- Ef nemandi mætir of seint í tíma er það skráð í Mentor sem of seint.
- Ef nemandi mætir þegar kennslustund er hálfnuð telst hann hafa verið fjarverandi.
- Kennarar kanna hvort barn sem vantar sé skráð á upplýsingatöflu, ef ekki láta þeir skólastjóra eða aðstoðarskólustjóra vita og annar þeirra hringir heim og spyrst fyrir um nemandann.

16.8 Skólaakstur

Akstursáætlun skólans má sjá [hér](#). Akstursáætlun er uppfærð eftir þörfum. Skólabílarnir mæta í Heiðarskóla klukkan 08:05 - 8:10 að morgni. Heimkeyrsla er upp úr kl. 13:30. Foreldrar þurfa að hringja í síma 892 2879 og tilkynna ef barn ferðast ekki með skólabílnum í morgun- eða heimkeyrslu.

Netföng skólabílstjóra:

- skagaverk@gmail.com
- ggunnarsson79@gmail.com

Umgengnis- og samskiptareglur í skólabílum:

- Stríðni, áreitni, einelti og hvers kyns ofbeldi er ekki liðið í skólabílum, ef slíkt kemur upp gilda um það verklagsreglur skólans
- Nemendur eiga að mæta á réttum tíma þar sem skólabíllinn stöðvar
- Nemendur eiga að bíða þar til bíllinn hefur stöðvað og ganga þá að skólabílnum
- Nemendur eiga ávallt að spenna beltin og sitja með beltin spennt alla akstursleiðina
- Nemendur eiga að ganga vel um skólabílinn
- Neysla á matvælum/sælgæti/tyggjói er ekki leyfð í skólabílunum
- Nemendur eiga að taka töskurnar af sér í skólabílunum

Til að halda áætlun og tryggja að börn mæti í skólann á réttum tíma getur skólabíllinn ekki beðið eftir nemendum sem eru seinir fyrir. Svo minnum við að sjálfsögðu líka á mikilvægi þess að nota endurskinsmerki í skammdeginu.

16.9 Heimkeyrsla – sæti í Akranesbílnum

Foreldrar þeirra barna sem stunda félags- eða tómstundastarf eftir skóla á Akranesi geta skráð barn sitt með sæti í Akranesbílnum í heimkeyrslu. Slíkar skráningar þarf að senda á skólastjóra á netfangið sigrigur.gudmundsdottir@hvalfjardarsveit.is og tilgreina þá vikudaga sem barn þarf á sæti að halda. Það er á ábyrgð forráðamanna að meta hvort þau telji barn sitt vera fært um að nýta þessa þjónustu.

16.10 Frístund

Foreldrum barna í 1. – 4. bekk stendur til boða að skrá börn sín í frístund. Í frístund er lögð áhersla á að allir fái að njóta sín í leik með öðrum börnum.

Frístund er starfrækt alla kennsludaga, að undanskildum tvöföldum skóladögum mánudaga til fimmtudaga frá kl. 13:30 – 16:30 frá fyrsta til síðasta kennsludags.

Skráning eða afskráning í Frístund þarf að berast skólastjóra á netfangið sigrigur.gudmundsdottir@hvalfjardarsveit.is Mánaðargjald er greitt fyrir Frístund og síðdegishressingu. Reglur frístundar má sjá á slóðinni;

<https://www.hvalfjardarsveit.is/static/files/Reglur/verklagsreglur-fristundar-08-2023.pdf>

16.11 SumarGaman

SumarGaman er starfrækt 10 daga að vori og 10 daga að hausti frá kl. 8:00 – 16:15 og er í boði fyrir börn í 1. – 4. bekk. Gjald fyrir SumarGaman er 20.000 kr. og foreldrar skrá sitt barn og greiða í gegnum skráningarkerfið Abler, nánari upplýsingar um skráningu sendar í tölvupósti á foreldra barna í 1. – 4. bekk. Hægt er að nýta tómstundastyrk Hvalfjarðarsveitar í SumarGaman.

16.12 Tryggingar

Nemendur skólans eru tryggðir í skólanum og í ferðum á vegum skólans hjá tryggingarfélaginu VÍS.